

Ágætu foreldrar og starfsfólk í Foldaskóla, Hamraskóla og Húsaskóla

Stýrihópur um breytingu á Foldaskóla í heildstæðan safnskóla á unglíngastigi og flutning nemenda í 8. – 10. bekk úr Hamraskóla og Húsaskóla hélt sjöunda fund sinn í Foldaskóla 13. desember. Þennan sama dag voru haldnir upplýsinga- og umræðufundir annarsvegar með starfsfólki og hinsvegar með foreldrum barna úr skólunum. Á þessum fundum kynnti stýrihópurinn störf sín ásamt verk- og tímaáætlun og Kristinn skólastjóri Foldaskóli kynnti tölulegar upplýsingar um skólastarfið, bekkjarstærðir og fl.

Um áramót verða ábyrgðarskil á verkefnum. Þá mun Kristinn Breiðfjörð skólastjóri Foldaskóla taka við stjórn þess. Því var á þessum fundi stýrihópsins var farið yfir verkefni samkvæmt erindisbréfi og rætt um stöðu þeirra. Fram kom að nemendur í 8. bekkjum hefðu farið saman í ferðalag í tengslum við fermingarfræðslu og fyrirhuguð væri sameiginleg ferð 7. bekkinga í skólabúðirnar að Reykjum í Hrutafirði og 9. bekkinga í skólabúðir að Laugum í Sælingsdal. Nemendur virðast að sögn skólastjórnenda bæði vera spenntir og kvíðnir fyrir breytingunni.

Bekkjjarfulltrúar allra skóla munu hittast saman á fundi á næstunni.

Upplýsingar um sameiningu unglíngadeildanna verða sendar ýmsum aðilum í hverfinu s.s., íþróttafélögum, leikskólum, tónlistarskólum, framhaldsskólum, kirkjunni og fl. Ákveðið var að skóla- og frístundasvið sendi fréttatilkynningu í Grafarvogsblaðið og til allra sem málið varðar á einhvern hátt. Einnig munu starfsmenn sviðsins sjá um tilkynningar til opinberra aðila svo sem framkvæmdasviðs, ráðuneytis og fl.

Starfshópur um framtíðarfyrirkomulag deildar í Hamraskóla fyrir einhverf börn er byrjaður að starfa og mun skila tillögum fyrir 1. mars n.k. Í hópnum eiga sæti foreldrar, starfsfólk og fulltrúi frá skóla- og frístundasviði

Á opinni vefsíðu er að finna allar upplýsingar m.a. fundargerðir hópsins, erindisbréf og hverjir sitja í hópnum. Slóðin er: <http://www.reykjavik.is/skoliogfristund>

Hópurinn er skipaður með erindisbréfi frá sviðsstjóra (fræðslustjóra) og mun starfa til 15. júní 2012.

Bestu kveðjur,

fyrir hönd stýrihópsins,

Auður Árný Stefánsdóttir